

Miðvikudaginn 8. mars 1989.

Nr. 4/1989.

Ákærvaldið

gegn

Jóhanni Gíslasyni

Kærumál. Dómsátt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. janúar sl., sem barst Hæstarétti 5. s.m. Hann krefst þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Í þinghaldi í sakadómi Akraness 27. febrúar sl. kynnti héraðsdómari varnaraðila framangreinda kröfu ríkissaksóknara. Varnaraðili gerði engar athugasemdir við fram komna kæru. Var endurrit úr sakadómsbókinni sent Hæstarétti 28. febrúar sl.

Hin kærða dómsátt var gerð í sakadómi Akraness 28. desember 1988. Sættist varnaraðili þá á greiðslu sektar fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna ölvunar við akstur. Jafnframt sættist hann á ökuleyfissviptingu í 3 ár.

Hinn 28. júní 1986 var varnaraðila með dómsátt gert að ljúka ölvunarakstursbroti með greiðslu sektar og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði. Þar sem varnaraðili var þá ekki orðinn 18 ára á það brot ekki að hafa ítrekunaráhrif á síðara brot samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í hinni kærðu sátt bar því að vitna til 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga. Lágmarksökuleyfissvipting samkvæmt þessu ákvæði er eitt ár og ekki ástæða til lengri sviptingartíma þar sem brot varnaraðila er ekki ítrekað. Dómsáttin fær því ekki staðist að þessu leyti og er sviptingartíminn of langur. Ber að fella sáttina úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Akraness 28. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28.12., er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Jóni Vilberg Guðjónssyni fulltrúa bæjarfógeta ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Mál 259/88. Kæra á hendur Jóhanni Gíslasyni, kt. 200369-5809, Suðurgötu 38, fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: 1. lögreglu-skýrslu, 2. varðstjóraskýrslu, 3. framburðarskýrslu, 4. blóðtökuvottorð, 5. alkóhólniðurst.

Kl. 11.30 kemur í dóminn kærði: Nafn: Jóhann Gíslason. Staða: sjómaður. Heimili: Suðurgötu 38. Fæðingardagur: 200369-5809. Fæðingarstaður: Akranes.

Kærða er kunnbert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt: að hafa hinn 16.4. 1988 ekið bifv. E-3373 undir áhrifum áfengis um götur Akraness.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælt 1,97‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig að hann fallist á að greiða kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 36 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga en brot hans þykir efnislega varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr. sbr. 3. mgr. 102. gr. umfl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1. mars 1989 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað kr. 3.739,00 fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 28.12.1988. Ökuskírteini ekki meðferðis.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.